

Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

1. TBL. 30. ÁRG. 2024



KÖNNUN:
LAUN OG ÁLAG

8-12

LÖGMENNSKA OG
MÁLFLUTNINGUR FYRIR DÓMI

14-17

ÚRSKURÐAR-
NEFND

18-20



- | | | | | | |
|----|---|----|---|----|--|
| 4 | SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON
Formannspistill | 13 | Félag kvenna í lögmennsku
20 ára | 23 | EYRÚN INGADÓTTIR
Námskeið LMFÍ |
| 6 | ARI KARLSSON
Frá ritstjórn | 14 | JÓHANNES KARL SVEINSSON
Lögmennska og málf lutningur
fyrir dómi | 24 | Af þrumandi léttleika tilverunnar:
Jólasnapsmótið í
innanhússknattspyrnu anno 2023 |
| 8 | EYRÚN INGADÓTTIR
Könnun meðal lögmanna: Laun,
launamunur, vinnutími og ábyrgð | 18 | ÚRSKURÐARNEFND LÖGMANNA:
Kvörtunum fjölgar á milli ára | 26 | VIÐTAL VIÐ GEST JÓNSSON
Lít fyrst og fremst á mig sem
málflytjanda |
| 10 | EYRÚN INGADÓTTIR
Könnun meðal lögmanna:
Lögmenn að bugast undan álagi | 21 | RAGNAR TÓMAS ÁRNASON
43. norræna lögfræðingáþingið
í Kaupmannahöfn í ágúst 2024 | | |

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður

Ari Karlsson lögmaður
Netfang: ari@lmg.is

Aðstoðarritstjóri

Eyrún Ingadóttir
Netfang: eyrun@lmfi.is

Ritnefnd

Arnar Villhjálmur Arnarsson lögmaður
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður
Ingi B. Poulsen lögmaður
Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

Stjórn LMFÍ

Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, formaður,
sigurdur@rettur.is
Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður, varaformaður,
aslaug@logos.is
Eva Halldórsdóttir lögmaður, ritari,
eva@lg.is
Tómas Eiríksson lögmaður, gjaldkeri,
teiriksson@ossur.com,
Magnús Hrafn Magnússon lögmaður, meðstjórnandi,
mhm@sighor.com

Varastjórn LMFÍ

Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður,
hildur@landslag.is
Gísli G. Hall lögmaður,
ggh@lav.is
Sigrún Helga Jóhannsdóttir lögmaður
sigrun@logvis.is

Starfsmenn LMFÍ

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri
Eva Hrönn Jónsdóttir lögfræðingur
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

Forsíðumynd

Af jólasnapsmóti í innanhússknattspyrnu 2023

PRENTVINNSLA
Litlaprent ehf.

UMSJÓN AUGLÝSINGA
Óflun ehf., sími: 530 0800
ISSN 1670-2689

Mentorprógramm

LMFÍ býður ungum lögmönnum að taka þátt í mentorprógrammi árið 2024. Hugmyndin er að gefa lögmönnum tækifæri til þess að ræða um starf sitt við reynda og farsæla lögmenn sem og um starfsþróun, hugmyndir og álitamál varðandi starfsferil sinn.

Mentorprógrammið er fyrir alla lögmenn, hvort sem þeir eru á lögmannsstofu eða innanhúss. Ávinningurinn getur verið ýmiss konar; t.d. fyrir unga lögmenn sem eru að hefja störf, lögmenn sem stefna á sjálfstæðan rekstur eða vilja nýta sem best möguleika sína til að vaxa í starfi. Síðast en ekki síst eykur mentorprógrammið tengslamyndun innan stéttar.

Við leitum einnig til reynslumikilla lögmanna sem hafa starfað í yfir tíu ár og eru tilbúin að miðla af þekkingu sinni sem mentorar.

Áformað er að verkefnið hefjist í apríl 2024 og muni standa fram að áramótum. Gert er ráð fyrir því að aðilar hittist í 3-4 skipti á þeim tíma.

Mentorprógrammið er samvinnuverkefni LMFÍ og LÍ.

Umsóknarfrestur til 1. apríl 2024.

Nánari upplýsingar og umsóknarform er á heimasíðu LMFÍ

ALLT OPIÐ UPP Á GÁTT HJÁ OKKUR Í DAG

SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON LÖGMAÐUR
FORMAÐUR



Nýlega féllst Landsréttur á kröfu lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu um símarannsókn sjálfstætt starfandi lögmanns, sem einnig hefur stöðu sakbornings í sakamáli sem mikið hefur verið til umfjöllunar undanfarna mánuði og tengist störfum lögmannsins. Fyrir liggur að slík rannsókn telst skerðing á þeim réttindum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta, þó Landsréttur hafi heimilað leitina.

Áður hafði angi málsins komið til kasta Landsréttar eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur hafði lokað þinghaldi, þangað sem ég var mættur til að fylgjast með sem formaður Lögmannafélags Íslands, sökum alvarleika málsins sem kynni að varða lögmannsstéttina alla. Það kom ekki sérstaklega á óvart að mér hafi verið meinað að fylgjast með þinghaldinu, en undirstrikar þó mikilvægi lagabreytinga sem Lögmannafélagið hefur talað fyrir allt frá árinu 2017.

Samskipti lögmannna og skjólstæðinga þeirra njóta sérstakrar verndar

Líkt og áður greinir njóta persónuupplýsingar verndar samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi einkalífs. Þá njóta samskipti lögmanns og skjólstæðings hans enn fremur verndar samkvæmt 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð fyrir dómi, en forsenda hennar er virk trúnaðar- og þagnarskylda lögmanns.

Í fyrstu málsgrein 22. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt, má finna meginregluna um þagnarskyldu þeirra en þar segir: „Lögmaður ber þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. Starfsmaður lögmanns er einnig bundinn þagnarskyldu um slík trúnaðarmál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna.“ Eins og segir í forsendum héraðsdóms í dómi Hæstaréttar í máli nr. 523/2016 er „þessi skylda [...] ríkur þáttur í þeirri

trúnaðarskyldu sem lögmennt hafa gagnvart skjólstæðingum sínum. Þessi skylda er einn af mikilvægustu þáttum réttarríkisins og horfir til réttaröryggis borgaranna. Hún skírskotar þannig ekki einungis til hagsmuna skjólstæðings lögmanns heldur jafnframt til almannahagsmuna.“

Þrátt fyrir ofangreint hefur í íslenskri framkvæmd borið á því að dómstólar veiti húsleitarbeiðendum heimildir til að gera húsleitir í öllum gögnum húsleitarþola og haldleggja þau. Tæknilegar ástæður hafa, a.m.k. í einhverjum tilfellum, ráðið því að öll rafræn gögn húsleitarþola eru haldlögð, með svokallaðri „speglun“ á tölvum húsleitarþola. Raunveruleg skoðun á því hvaða gögn hafa þýðingu fyrir það mál sem er til rannsóknar fer svo fram af hálfu lögreglu nokkru eftir að húsleit er afstaðin.

Í þessu sambandi má vísa til greinar Eiríks Tómassonar fyrrverandi hæstaréttardómara sem birtist í 2. tbl. Úlfjótis 2011, þar sem m.a. kemur fram að í lögum eða lagaframkvæmd aðildarríkja MSE verði að vera fyrir hendi viðeigandi úrræði til að tryggja að ekki sé brotið á trúnaði lögmanns gagnvart skjólstæðingum sínum við framkvæmd húsleitar og haldlagningar á gögnum í hans vörslum. Eiríkur bendir til dæmis á að til álita komi að kveðja til óháðan eftirlitsmann til að sjá til þess að ekki verði lagt hald á gögn sem bann við haldlagningu tekur til og að nauðsynlegt sé að dómari leggi mat á það hvort upplýsingar sem gögnin hafa að geyma séu þess eðlis að þau falli undir trúnaðar- og þagnarskyldu lögmannna.

Mikilvægt er að hafa í huga að skv. íslenskum rétti geta haldlögð gögn nýst til saksóknar í öðrum málum en þeim sem eru upprunalega tilefni úrskurðar skv. meginreglum um fjárlastönnunarmat dómstóla. Þetta er frábrugðið því sem víða gildir erlendis, þar sem dómstólum er óheimilt að leggja til grundvallar gögn sem aflað er með ólögætum hætti eða með húsleit í öðru máli. Í evrópskum samkeppnisrétti gilda t.d. reglur um bann við svokölluðum „veiðileiðongrum“ (e. „fishing expedition“)

samkeppnisyfirvalda, sbr. t.d. dóma Evrópudómstólsins í málum nr. T-140/09 („Prysmian v Commission“) og T-135/09 („Nexans v Commission“). Við þessar aðstæður er hætta á því að yfirvöld afli sér trúnaðargagna hjá lögmonnum með rúmt orðuðum rannsóknarúrskurðum og nýti þau við saksókn í öðrum málum en þeim sem eru tilefni aðgerðanna.

Nauðsyn lagabreytinga

Sökum þeirra atriða sem að ofan eru nefnd hefur Lögmannafélag Íslands ítrekað óskað þess við dómsmálaráðherra að löggjafinn beiti sér fyrir skýrari regluverki um þessa viðkvæmu hagsmuni, svo sem með erindi til ráðherra 9. febrúar 2017, 8. september 2020, 24. nóvember 2022 og ítrekuðum samráðsfundum með ráðherra, nú síðast 11. desember 2023. Í þessum tillögum að lagabreytingum felst m.a. að brýnnar nauðsynjar sé krafist vegna rannsóknaraðgerðanna, að þær skuli eingöngu fara fram í skýrum og málefnalegum tilgangi til rannsóknar á afmörkuðum brotum.

Þá verði skýrlega að afmarka hvaða gögnum er leitað og sérstakt tillit sé tekið til hagsmuna þeirra skjólstæðinga lögmanns sem ekki tengjast rannsóknarefninu sem og þagnarréttar sakborninga þegar við á. Þá er lagt til að sérstakur húsleitarfulltrúi verði tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands sem sé viðstaddur rannsóknaraðgerðirnar til að gæta hagsmuna lögmannsins og skjólstæðinga hans við framkvæmd rannsóknaraðgerðar, en sú tilhögun á sér m.a. fyrirmynd í finnskum lögum um opinberar þvingunarráðstafanir nr. 806/2011.

Því miður má ætla að málið sem er tilefni greinarinnar sé ekki það síðasta þar sem reynir á þagnarskyldu lögmannna og friðhelgi einkalífs skjólstæðinga þeirra. Nauðsynlega þarf því réttarbætur með lögum enda ljóst að núgildandi lög - hið minnsta eins og þau hafa verið túlkuð af íslenskum dómstólum - veita ekki nægilega vernd.

Námskeið Lögmannafélags Íslands

ENDURUPPTAKA OG AFTURKÖLLUN STJÓRNVALDS- ÁKVARÐANA - 18. APRÍL 2024

Farið verður yfir helstu skilyrði endurupptöku og afturköllunar stjórnvaldsákvæðana, svo og málsmeðferð, með hliðsjón af dómaframkvæmd og álitum umboðsmanns Alþingis.

- Kennari** Elísabet Ingólfssdóttir lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis og stundakennari í opinberri stjórnsýslu við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.
- Staður** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
- Tími** **Alls 3 klst. Fimmtudagurinn 18. apríl 2024, kl. 13.00-16.00.**
- Verð** Kr. 25.200,- fyrir félagi í félagsdeild LMFÍ, kr. 33.600,- fyrir félagi í LMFÍ og LÍ en kr. 42.000,- fyrir aðra.

MANSAL – HVAÐ ER ÞAÐ OG HVER ER AÐKOMA LÖGMANNA AÐ MANSALSMÁLUM? - 14. MAÍ 2024

Á námskeiðinu verður fjallað almennt um mansal og birtingarmyndir þess. Þá verður farið yfir með hvaða hætti lögmennt geta aðstoðað fórnarlömb mansals innan kerfisins.

- Kennari** Inga Lillý Brynjólfssdóttir lögmaður en hún fór í þjálfun á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) í þverfaglegri teymisvinnu við meðferð mansalsmála.
- Staður** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
- Tími** **Alls 3 klst. Þriðjudagurinn 14. maí 2024, kl. 13.00-16.00.**
- Verð** Kr. 25.200,- fyrir félagi í félagsdeild LMFÍ, kr. 33.600,- fyrir félagi í LMFÍ og LÍ en kr. 42.000,- fyrir aðra.

SKRÁNING Á HEIMASÍÐU LMFÍ; WWW.LMFI.IS

WARUM ES EINFACH MACHEN...

ARI KARLSSON
RITSTJÓRI



Fyrir um áratug síðan aðstoðaði ég konu sem þurfti að fá vottorð frá opinberri stofnun. Konan hafði um langa hríð verið búsett erlendis og var þar með lögheimili. Saman fórum við í afgreiðslu stofnunarinnar og sóttum um vottorðið. Okkur var tjáð að vænta mætti að það yrði tilbúið innan nokkurra daga en svo vandaðist málið.

Vottorðið var annað hvort hægt að senda á skráð lögheimili en einnig var hægt að sækja það í afgreiðsluna. Þannig háttaði til að konan var á leiðinni heim til sín en lögheimilið var skráð í þjóðskrá sem búsetuland svo að ég sagðist geta sótt það fyrir hana og spurði hvort að það ætti ekki að duga fyrst við værum þarna bæði? „Vottorð eru einungis afhent gegn skriflegu umboði“, var sagt og ég sagði engin vandkvæði vera á því að hún staðfesti við starfsmanninn skriflega heimild mína til þess að sækja vottorðið. „Nei, það gengur ekki það verður að vera til staðar skriflegt umboð vottað af tveimur,“ svar svarað. Ég sagði það ekki vandamál fyrir mig að skrifa umboðið á staðnum sem starfsfólk embættisins gæti þá vottað fyrir okkur að við værum við. „Starfsfólk embættisins vottar ekki umboð,“ var okkur tjáð og við urðum að fara af stofnuninni til að fá votta til að undirrita umboðið. Já, þannig eru lögin!

Í upphafi starfsferils míns kom ég að máli þar sem aflu þurfti tiltölulega sérhæfðrar skráningar hjá stjórnvaldi. Hafði byggst upp löng stjórnsýsluvenja hvaða gögnum skyldi skilað og á hvaða formi. Ríkti gott samstarf og traust milli lögmanna, sem höfðu milligöngu um skráninguna, og viðkomandi stjórnvalds. Nú bar svo við að skráningu var neitað á þeim grundvelli að ekki væri unnt að taka við skjali nema að tilteknum formkröfum um undirritanir væri fylgt. Slíkar kröfur höfðu aldrei áður verið gerðar af hálfu stjórnvaldsins og byggðu hvorki á ákvæðum laga eða stjórnvaldsfyrirmæla.

Lögmaðurinn sem var með málið var gamall í hettunni og hafði samband við starfsmann stjórnvaldsins til að spyrja hverju

sætti. Starfsmaðurinn sagði að stjórnvaldið hefði nýverið ráðið lögfræðing til starfa og sá teldi að gera þyrfti hér auknar kröfur. „Hvers vegna voruð þið að ráða lögfræðing eiginlega? Það fylgir því bara alls konar vesen,“ spurði hinn margreyndi lögmaður. Þegar óskað var raka frá nýja lögfræðingnum fyrir hinni breyttu stjórnsýsluframkvæmd sem hvergi hafði verið auglýst eða tilkynnt kom í ljós að hún byggði aðallega á því hvað honum fyndist um hvaða kröfur ætti að gera án gaumgæfilegrar skoðunar eða greiningar á áhrifum þessara breytinga.

Á þeim rúmlega aldarfjórðungi sem ég hef þurft að eiga samskipti við stjórnvöld í tengslum við starf mitt hef ég rekið mig æ oftar á það að stjórnvöld gleyma því að lög byggja á tvenns konar meginmarkmiðum þ.e. réttaröryggi borgaranna annars vegar og hins vegar skilvirkni.

Í stjórnsýsluframkvæmd eru oft samdar verklagsreglur eða leiðbeiningar til starfsmanna um afgreiðslu mála og það gert iðulega af lögfræðingum. Ég er ekki í vafa um það að hinn samviskusami starfsmaður sem neitaði að afhenda vottorðið nema gegn skriflega undirrituðu umboði var að fylgja einhvers konar leiðbeiningum um hvernig almennt ætti að afhenda vottorð til þriðja manns. Ég er líka viss um að ný lögfræðingurinn vildi bara sanna sig í nýju starfi en gleymdi því að stjórnsýsluvenju verður ekki kollvarpað án tilkynningar og undirbúnings á grundvelli „mér finnst“ röksemda.


Kannski hafði minn gamli samstarfsmaður að nokkru leyti rétt fyrir sér að lögfræðingum fylgir alls konar vesen. Að minnsta kosti finnst mér ég rekast of oft á það í samskiptum við stjórnvöld að skilvirknissjónarmiðin séu bara ekki hluti málsins. Í svæsnustu tilfellunum virðist afgreiðsla ekki endilega byggjast á lögum heldur á því að hafa skal það sem vitlausara reynist.


Styrkur til fræðaskrifa

Stjórn námssjóðs Lögmannafélags Íslands auglýsir styrk til lögfræðilegra rannsókna og/eða útgáfu fræðiritra sem nýst geta í daglegum störfum lögmannna.

Styrkfjárhæð nemur allt að kr. 1.200.000,- en á móti munu styrkþegar halda námskeið í tenglum við viðfangsefnið á vegum félagsdeildar LMFÍ.

Nánari upplýsingar og umsóknarform eru á heimasíðu LMFÍ en frestur til að sækja um er 31. mars 2024.





*Fulltrúar voru einir spurðir um hvort laun þeirra væru undir 800 þúsund krónum eða yfir 1.201 þúsund krónum.

LAUN, LAUNAMUNUR, VINNUTÍMI OG ÁBYRGÐ

Laun

Innanhússlögmenn voru með um 1.500.000 krónur í laun á mánuði árið 2023 á meðan sjálfstætt starfandi lögmenn voru með tæplega 1.300.000 krónur og fulltrúar um 1.000.000 krónur.

Í könnun LMFÍ, sem gerð var síðla sumars 2023, sagðist fjórðungur sjálfstætt starfandi lögmanna vera með laun undir einni milljón króna á mánuði og 20% með á bilinu 1.001 til 1.200 þúsund krónur. Geti má þess að sjálfstætt starfandi lögmenn reka fyrirtæki og því viðbúið að þeir reikni sér lögskyld endurgjald en greiði sér svo út arð.

Athyglisvert er að 19% innanhússlögmanna eru með yfir tvær milljónir á mánuði en þess má geta að í þessum hópi eru framkvæmdastjórar, forstöðumenn og yfirlögfræðingar fyrirtækja, stofnana og félaga.


Alls 59% lögmanna eiga maka með lægri laun og 24% lögmanna eiga maka með hærri laun. 39% kvenna í félaginu eiga maka með hærri laun og 16% karla.

Launamunur

11% launamunur hjá fulltrúum

Fulltrúar voru árið 2023 með að meðaltali eina milljón í laun á mánuði og enginn launamunur var á milli kynja ... afsakið prentvilluna, auðvitað hefði þetta átt að standa þarna en samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar voru karlar með 1.046.367 krónur á meðan konur voru með 929.435 krónur. Munurinn er 11% og konur sem eru fulltrúar eru því með 89% af launum karla.

Rúmur helmingur kvenna, eða 52%, og 31% karla voru með undir einni milljón á mánuði. Tæplega fimmta hver kona, eða 19%, og tundi hver karl voru með undir 800.000 krónum á



mánuði. Samtals gerir þetta að 83% kvenna og 29% karla í fulltrúastarfi hafi verið með undir milljón á mánuði.

8% launamunur hjá sjálfstætt starfandi lögmönnum

Sjálfstætt starfandi lögmenn eru að jafnaði með 1.289.508 krónur á mánuði. Karlar eru með 1.332.692 krónur og konur eru með 1.186.417 krónur eða 92% af launum karla. Hjá lögmönnum sem eru yfir 60 ára munar hins vegar aðeins tæplega 1% í launum milli kynja. Alls 36% kvenna og 22% karla eru með innan við milljón á mánuði.

Innanhússlögmenn með bestu launin

Innanhússlögmenn eru að jafnaði með 1.492.110 krónur á mánuði. Karlar eru með 1.556.991 krónur og konur eru með 1.422.574 krónur sem gerir rúmlega 91% af launum karla. Munurinn liggur fyrst og fremst í þeim hópi sem er með undir milljón krónur á mánuði, sem eru 13% kvenna og 2% karla.

Vinnustundir

Lögmenn vinna að meðaltali 154 klukkustundir á mánuði; konur 150 og karlar 157. Þeir vinna því sem nemur einum degi meira en þær. Karlar á aldrinum 25-39 ára vinna mun meira en konur á sama aldri, að meðaltali 165 klst. á mánuði á móti 149 klst. eða sem nemur tveimur heilum vinnudögum. Þá vinna lögmenn 60 ára og eldri að meðaltali 133 klukkustundir.

Samkvæmt könnuninni vinna innanhússlögmenn flestar vinnustundir eða 163 klukkustundir á mánuði á meðan sjálfstætt starfandi lögmenn vinna 150 klukkustundir og fulltrúar 155 klukkustundir. Væntanlega verður að horfa á fjölda vinnustunda sjálfstætt starfandi lögmanna með gagnrýnisglerauginum, sérstaklega í ljósi þess að þeir vinna mun oft en innanhússlögmenn eftir klukkan 17.00 á daginn og einnig mun

meira um helgar. Líklegt er að þeir séu ekki að telja vinnustundir eins og innanhússlögmenn og hafa þar af leiðandi ekki hugmynd um hvað eigið vinnuframlag er mikið.

Lögmenn voru spurðir að því hvort þeir ynnu meira eða minna en makar þeirra. Kom í ljós að makar 63% karla og 37% kvenna vinna færri klukkustundir en þeir á viku. Þá vinna makar 10% karla og 36% kvenna fleiri vinnustundir en þeir á viku.

Ábyrgð

Eins og sjá má hér á undan er nokkuð ljóst að fréttir af kostum þess að deila þriðju vaktinni hafa ekki ennþá borist lögmönnum landsins. Konur bera því þær byrðar einar og vinna því minna en karlar og það virðist endurspeglast í launum. Konur leita meira í innanhússlögmennastörf en í störf á lögmennsstofum og þar er einnig meira jafnræði en þriðjungur þeirra vinnur meira en maki, þriðjungur jafnt og maki og þriðjungur minna en maki.

Á meðan u.þ.b. helmingur lögmanna segist skipta fjölskyldu-ábyrgðinni jafnt á milli sín og maka er skiptingin hjá þeim sem taka meiri ábyrgð á heimili eftirfarandi:

- 7% karla og 38% kvenna á aldrinum 25-39 ára
- 7% karla og 57% kvenna á aldrinum 40-49 ára
- 5% karla og 38% kvenna á aldrinum 50-59 ára
- 5% karla og 50% kvenna 60 ára og eldri

Strákar boltinn er hjá ykkur. Ekki láta aðra bera ábyrgð á ykkar hluta fjölskyldulífisins. Fækkið vinnustundum og munið að enginn situr á endastöð og óskar sér þess að hafa unnið meira og sinnt fjölskyldunni minna.

Eyrún Ingadóttir

Könnun LMFÍ var gerð af Gallup á tímabilinu 19. júlí til 19. september 2023. Úrtakið var 1008 félagsmenn og var fjöldi svarenda 495, eða 49,1%. Jafnvel þótt að fjöldinn hafi ekki verið meiri gefur niðurstaðan sterka vísbendingu.



Svona sá gervigreindin fyrir sér stressaða lögmann á leið í réttarsal, heimild: Stablediffusionweb.com

LÖGMENN AÐ BUGAST UNÐAN ÁLAGI

Samkvæmt könnun LMFÍ þá finna átta af hverjum tíu lögmönnum fyrir nokkurri eða mikilli streitu í starfi sínu. Þriðjungur lögmannanna telur starf sitt vera fjölskylduvænt og 86% lögmannanna vinna um helgar. En er streita og stress óbreytanlegir fylgifiskar lögmannsstarfsins? Hvað er til ráða? Lögmannablaðið skoðaði niðurstöðu könnunarinnar og ræddi við nokkra lögmann.

Mikil streita

Streita eðlileg tilfinning sem öll finna fyrir á einhverjum tímabili. Hæfileg streita hvetur okkur áfram og getur verið hjálpleg við að mæta áskorunum og skerpa athygli. Þegar streita verður hins vegar viðvarandi fer hún að trufla daglegt líf og hafa áhrif á líkamlega og andlega heilsu.¹

Sumarið 2023 gerði Lögmannafélagið könnun í samstarfi við Gallup þar sem spurt var út í ýmsa þætti lögmannsstarfsins. Þar kom m.a. fram að 29% lögmannanna finna fyrir mikilli streitu og rúmlega helmingur, eða 53%, finnur fyrir nokkurri streitu. Þá finna 34% kvenna og 26% karla fyrir mikilli streitu og rúmlega helmingur karla og kvenna, 53%, finnur fyrir nokkurri streitu. Þau sem eru mest útsett fyrir álagi eru á aldrinum 30-49 ára og er þar jafnt á komið með körlum og konum.

¹ Heimild: <https://www.minlidan.is/fraedsla/streita/>

Mikil vinna

Fjórðungur lögmanna, eða 24%, vinnur nánast alla daga lengur en til klukkan fimm og 28% vinna lengur þrjá til fjóra daga í viku. Aðeins 17% lögmanna vinna aldrei eða sjaldnar en einn dag í viku eftir klukkan fimm. Þess má geta að konur vinna sjaldnar fram eftir en karlar.

Þegar vinna um helgar er skoðuð kemur í ljós að rúmlega 56% lögmanna vinna einn til tvo helgidaga í mánuði og 30% vinna að minnsta kosti þrjá til fjóra helgidaga í mánuði. Þá tók þriðjungur lögmanna einungis 11-20 daga í leyfi árið 2022.

Þess má svo geta að þriðjungi lögmanna fannst þeir vinna of mikið en karlar á aldrinum 25-39 ára unnu að meðaltali 165 klukkustundir á mánuði á móti 149 klukkustundum kvenna. Tæplega helmingur lögmanna hafði velt fyrir sér að skipta um starfsvettvang á síðustu tólf mánuðum áður en þeir svöruðu könnuninni. Þess má svo geta að sex af hverjum tíu lögmönnum finnst ganga frekar vel eða mjög vel að samræma vinnu og einkalíf.

Orsök fyrst og fremst erfið mál

Þegar lögmenn voru spurðir um hvers konar álagi þeir fyndu fyrir svöruðu 73% það vera vegna erfiðra mála sem þeir fengjust við, eða eins og ónefndur lögmaður orðaði það; „í mörgum málum er ég að selja aðgang að mínu taugakerfi, svoleiðis er það!“ Þá sögðu 57% aðspurðra streituna vera vegna mikillar vinnu og 42% vegna ójafnvægis milli vinnu og einkalífs. Síðast nefndi þátturinn var sá eini þar sem marktækur munur var á milli kvenna og karla en 49% kvenna á móti 38% karla merktu við ójafnvægi á milli vinnu og einkalífs. Þá sögðu 68% karla og 65% kvenna á aldrinum 25-39 ára streitu vera til komna vegna of mikillar vinnu en eftir því sem lögmenn verða eldri minnkar álagið. Þá virðist innanhússlögmönnum ganga mun betur að samræma vinnu og einkalíf og streita vera mun minni.

Hvað er til ráða?

Lögmannaþingið gerði óvísindalega athugun á því hvað lögmenn væru að gera til að reyna takast á við álag og streitu í starfi. Þá kom í ljós að sumar stærri lögmennsstofurnar eru með samning við sálfræðistofur þar sem starfsfólk getur sótt sér aðstoð án þess að það sé persónugreinanlegt. Sömuleiðis reyna þær að búa til gott vinnuumhverfi og dæmi eru um reglulega jógatíma, heimsókn nuddara, að lögmenn fari saman í líkamsrækt og að markþjálfari komi til að aðstoða starfsfólk við að setja sér markmið varðandi vinnu, einkalíf og streitu. Þá nefndu lögmenn einnig að mikilvægt væri að geta leitað til starfsfélaga eða vina í lögmennastétt þegar mikið gengi á til að fá jafningjahandleiðslu. Að sögn Berglindar Stefánsdóttur sálfræðings hjá Virk er allur

Hvað sögðu lögmenn?

- ✓ Allir eru yfirmaður þinn og „frí“ þannig að þú ert að fylgjast með og svara tölvupósti allan tímann.
- ✓ Vinnuálag getur verið mikið og það er oft tímapressa við að klára t.d. greinargerðir sem kalla á vinnu utan hefðbundins vinnutíma.
- ✓ Það er alltaf eitthvað sem þarf að vinna í sumarleyfum.
- ✓ Maður þarf alltaf að vera til taks og telur það raunar ekki með vinnu að fylgjast með og svara tölvupósti.
- ✓ Ég minnst þess ekki að hafa tekið meira en tvær vikur í sumarleyfi í einu.
- ✓ Þessi vinna er einhvern veginn þannig að maður verður gegnsýrður.

Hvað sögðu lögmenn?

- ✓ Það er mikil ábyrgð sem felst í því að annast hagsmunagæslu fyrir umbjóðendur og oft verulegir hagsmunir undir.
- ✓ Ég tók mál skjólstæðinga inn á mig og þurfti að læra að setja þau á skikkjuna. Það gerði ég með breyttri hugsun og mikilli hjálp sálfræðinga.
- ✓ Álagið var ekki að ég væri að vinna 16 tíma á dag heldur var ég alltaf með hugann í vinnunni og ég gerði hagsmuni skjólstæðinga að mínum. Nú reyni ég að vera eins og læknir sem gerir sitt besta við að beita sinni sérfræðiþekkingu en það er alltaf skjólstæðingurinn sem er með vandamálið.
- ✓ Lögmenn eru oft með marga bolta á lofti í einu sem þarf að sinna. Það er oft mikið áreiti yfir daginn og margt sem þarf að bregðast við.
- ✓ Viðfangsefnið eru oft flókin og þegar maður er gegnsýrður af álitaefnum þá getur það haft áhrif heimavið þannig að maður er andlega fjarverandi. Það bitnar síðan á fjölskyldunni.

Hvað sögðu lögmenn?

- ✓ Til að takast á við álag reyni ég að hreinsa hugann, t.d. með tónlist eða með því að stunda fjölbreytta hreyfingu. Þá næ ég að vera í núinu.
- ✓ Það sem hefur hjálpað mér er að stunda skíði og golf. Þá fer ég í núvitund enda er það svo að maður dettur á skíðum ef hugurinn er annars staðar.
- ✓ Í lok vinnudags skrifa ég dagbók og kem þá verkefnum morgundagsins á blað til að loka deginum.



Á lögmannsstofunni Landslögum er starfsmönnum boðið í jóga í hádeginu einu sinni í viku. Þá er skrifstofunni læst, símarnir þagna og gangur milli skrifstofa notaður til að teygja og fetta og bretta og njóta.

gangur á því hve lengi fólk er frá vinnu sem verður fyrir kulnun í starfi. „Þegar vinnufærni skerðist kemur beiðni frá lækni til okkar og þá er sett upp plan á einstaklingsgrunni sem hentar hverjum skjólstæðingi. Sumir byrja fljótlega í hlutastarfi en aðrir þurfa lengri tíma.“ Aðspurð hvað væri til ráða fyrir lögmenn sagði Berglind að mikilvægt væri fyrir alla sem fyndu fyrir mikilli streitu að átta sig á stöðunni og til dæmis fá handleiðslu áður en að vandinn yrði of íþyngjandi. „Það er engin ein leið til sem hentar öllum en mikilvægt að leita sér hjálpar ef þarf,“ sagði hún. Í lokin má svo geta þess að það virðist vera viðhorfsbreyting í gangi meðal yngri lögmanna sem eru ófeimnir við að gera kröfu um styttingu vinnuvikunnar og eru ekki tilbúnir að láta

þjóða sér endalaus vinnu eins og hefur viðgengist lengst af í stétt lögmanna.

Því sem er ekki hægt að breyta er svo það að hver lögmaður er með sín verkefni sem enginn getur beint hoppað inn í og erfið mál verða alltaf á borðum lögmanna. Því má segja að álag verði alltaf fylgifyskur lögmannsstarfsins en að lögmenn séu nú meðvitaðri en áður um mikilvægi andlegrar heilsu.

[Eyrún Ingadóttir](#)



FÉLAG KVENNA Í LÖGMENNSKU 20 ÁRA



Fyrsta stjórn FKL. F.v.: Svala Thorlaciuss, Kristín Edwald, Hjördís Harðardóttir, Inga Þóll Þórgnýsdóttir og Sif Konráðsdóttir formaður. Hjördís og Inga Þóll voru varamenn en á myndina vantar Helgu Melkorku Óttarsdóttur og Margréti Einarsdóttur sem einnig voru í stjórn.



Hvert sæti var skipað á stofnfundi Félags kvenna í lögmennsku 4. mars 2004.

Þann 4. mars síðastliðinn voru 20 ár frá því Félag kvenna í lögmennsku var stofnað af 70 konum, eða helmingi þeirra sem voru í LMFÍ á þeim tíma, og var Guðrún Erlendsdóttir kjörin heiðursfélagi.

Tilgangur félagsins var að efla samstarf og styrkja stöðu kvenna í lögmennsku, gera konur sýnilegrar og standa vörð um hagsmuni kvenna í stéttinni.

Í tilefni stofnunar félagsins var viðtal við Sif Konráðsdóttur formann í Lögmannablaðinu þar sem hún sagði konur í lögmennsku ekki hafa verið nógu sýnilegar og virkar: „Konum fannst umræða um lögmannsstarfið vera á þeim nótum að það væri ekki nógu aðgengilegt fyrir ungar konur,“ sagði hún.¹

FKL hefur verið mikilvægur félagsskapur innan Lögmannafélags Íslands, hefur bæði sameinað konur í lögmennsku og efttengslanet þeirra. Meðal annars fóru félagskonur til Akureyrar í námsferð nú í febrúar síðastliðinn.

Formaður er Eva Dóra Kolbrúnardóttir en auk hennar eru þær Þorbjörg Inga Jónsdóttir, Krístrún Elsa Harðardóttir, Þuríður B. Sigurjónsdóttir og Auður Björg Jónsdóttir í stjórn.

Þá og nú

- Þegar FKL var stofnað árið 2004 voru konur 22% félaga í LMFÍ - í dag eru þær 32%.
- Árið 2004 voru 31% kvenna í LMFÍ sjálfstætt starfandi lögmenn en 61% karla. Nú, 20 árum síðar eru 44% kvenna sjálfstætt starfandi en 56% karla.
- Þegar níu stærstu lögmannsstofurnar á Íslandi voru skoðaðar árið 2004, sem voru með sjö eða fleiri lögmenn, þá voru 18,5% eigenda konur. Alls 17 lögmannsstofur eru með sjö eða fleiri lögmenn árið 2024 og eru konur 21% eigenda.

¹ Lögmannablaðið 4/2004, bls. 18.



Málflutningsteymi Íslands og ráðgjafar í Icesave málinu fyrir EFTA dómstólnum í Lúxemborg haustið 2012. Ef vel er að gáð má þekkja á myndinni; f.v.: Dóra Guðmundsdóttir, Þóra Margrét Hjaltested, Kristín Haraldsdóttir, Reimar Pétursson, Einar Karl Hallvarðsson, Dr. Miguel Poiares Maduro, Kristján Andri Stefánsson, Tim Ward og greinarhöfundur Jóhannes Karl Sveinsson. (Myndin er af heimasíðu stjórnarráðsins 18. september 2012)

LÖGMENNSKA OG MÁLFLUTNINGUR FYRIR DÓMI

JÓHANNES KARL SVEINSSON LÖGMAÐUR

Þegar ég var í laganámi byggðist það á því að geta lesið og skrifað um lög og rétt. Við útskrifuðumst sem þrútt fagfólk, nýbúin með ritgerð og tilbúin að skrifa áfram í gegnum lífið eins og vísindamenn. Lítil ef nokkur áhersla var lögð á það hvernig væri best að hegða sér sem lögmaður. Hvernig átti að taka móti nýjum skjólstæðingum? Hvernig átti að tala við þá? Hvert var hlutverk okkar sem enduðum í því starfi?

Fljótlega varð manni ljóst að ekki var nóg að greina vanda skjólstæðinganna eftir vísindalegum aðferðum. Þeir hötuðu beinlínis langar ritgerðir um hugsanlega réttarstöðu, vildu skýr svör og engar neðanmálsgreinar. Þeir komu líka flestir í þeirri von að lögmaðurinn gæti sannfært andstæðing þeirra, og síðar dómara, um að þeirra málstaður væri góður og verðskuldaði viðurkenningu.

Hér má skjóta því inn að það er aðalhlutverk lögmanns sem tekur að sér að flytja mál að reyna af öllum mætti að vinna að hagsmunum umbjóðandans. Það er allt annað starf en hlutlæg fræðimennska og próftaka. Þetta snýst um að finna réttu punktana og hugsa málið til enda þannig að úr verði sannferandi og helst auðskiljanlegt verk. Lögmaðurinn þarf að móða úr hráefninu og útkomurnar geta verið mjög mismunandi. Auðvitað þarf alltaf að þekkja sín fræði og fylgjast með þeim.



Í minni dómsal Hæstaréttar er listaverk eftir Svövu Björnsdóttur myndlistarmann sem minnir á hlust og ætlað er að hnykkja á mikilvægi þeirra orða sem látin eru falla í málflutningi. Þetta listaverk færði Lögmannafélag Íslands Hæstarétti að gjöf í tilefni af 75 ára afmæli réttarins 16. febrúar 1995.

Allt þetta þarf að vera innan marka þess sem er löglegt og siðlegt og ekki eru í boði nein yfirnáttúruleg klækjabrögð við málatilbúnað á borð við þau sem lesa má um í Íslendingasögnum. Lögmenn á Íslandi flytja líka bara mál fyrir atvinnumönnum (dómurum) sem er væntanlega bragðminna en þegar kviðdómar eiga í hlut.

Spurningin er: Breytir það einhverju hvernig við flytjum mál? Ég myndi halda að dómarrar væru tregir til að viðurkenna það því líklega væri óþægilegt að hugsa til að málsaðilar fengju mismunandi niðurstöður eftir því hvort lögmaður þeirra hefði haft lag á því að flytja góða ræðu. Það væri í raun mjög ósanngjarnt.

Ég er þess vegna ekki alveg viss um að maður eigi að taka það bókstaflega þegar dómarrar láta það fjúka að málflutningur skipti sjaldnast máli. Ég trúi að hann geri það enda væri líklega stór hluti af starfi manns unninn fyrir gýg ef sú trú væri ekki til staðar.

Góður og slæmur málflutningur

Hvað hefur lærst á 30 árum í réttarsölu? Ég hef flutt mjög mörg mál og á móti mjög mörgum lögmönnum. Ég var líka í níu ár formaður áfrýjunarnefndar samkeppnismála og þá í hlutverki þess sem hlustar á málflutning lögmanna. Einnig sat ég um tíma í Endurupptökudómi og hef því ágætan samanburð.

Ég hef oft orðið vitni að því að dómarrar hlusta af athygli á góðan málflutning en þeir nánast setja sig í varnarstöðu þegar

vondur málflutningur dynur á þeim. Sumir dómarrar verða jafnvel kvikindislegir við þá sem flytja mál illa, þagga niður í þeim eða fela illa vanþóknun sína. Ég held það skipti miklu máli hvernig lögmenn bera sig að.

Hvað er það þá sem skilur að góðan og slæman málflutning? Fyrst vil ég segja að þetta er ekki alveg svart og hvítt. Það er engin leynileg uppskrift á boðstólum og margar mismunandi aðferðir geta virkað.

Samkvæmt minni óvísindalegu tilfinningu þá má kannski skipta því þannig að 10-15% af frammistöðu lögmanna í dómsal er alveg framúrskarandi. Slæm frammistaða stendur líklega undir álíka hlutfalli. Þar á milli er allur þorri málflutnings; hann getur verið góður, þokkalegur, slæmur og óáhugaverður.

Hvernig á að auka möguleika sína á því að teljast flytja mál vel? Ég velti því mikið fyrir mér - fyrir utan alla augljósu þættina eins og að vera vel undirbúinn, áhugasamur og vel að sér í réttarfarinu – hvað það er sem skilur á milli?

Maður lærði á því að fylgjast með öðrum lögmönnum og heyrði frá öðru ungu fólki hvaða nöfn voru stærst á þessu sviði. Ég varð hins vegar nokkrum sinnum fyrir vonbrigðum við að hlusta á þekkta lögmenn fyrir dómi og stundum komu nánast óþekktir og „minna finir“ lögmenn á óvart með frábærri frammistöðu.



Úr Hæstarétti

Flest sem hafa áhuga á þessu og eru tilbúin að leggja vinnu í undirbúning og æfingu eiga að geta orðið mjög góðir málflytjendur.

Að tala opinberlega

Hvernig nálgast maður það verkefni að sannfæra annað fólk? Hvernig rökræðir maður þannig að það sé líklegt til að bera árangur?

Það eru til fræði sem segja okkur að það sé þrennt sem skipti mestu máli: Orðin sem við segjum eða skrifum, sá tónn sem við segjum þau í og hvernig við komum fyrir (líkamstjáning). Ræðumenska snýst um allt þetta. Til þess að okkur líði vel við að tala - og fólk líði vel við að hlusta - þá þarf að hugsa um hvernig við ætlum að gera það, í hvaða röð er best að hafa hlutina og hvernig aukum við líkurnar á því að fólk geðjist að því sem við höfum að segja.

Hvernig við berum okkur að fer eftir því við hvern við erum að fara að tala og um hvað. Við þekkjum það öll að líkamstjáning og tónn er stærri partur af því þegar talað er um skoðanir og eigin tilfinningar en þegar verið er að fjalla um fræðilegt efni, t.d. í kennslu. Það má því ekki ofgera áherslunni á tón og einhvers konar líkamstjáningarfræði. Það er fátt eins pirrandi og ræðumenn sem eru mjög uppteknir af því og athyglin fer kannski frá því sem þeir ætla að segja okkur.

Æfingin skapar meistarann

Réttarsalurinn er ekki góður staður til að byrja á að venja sig af feimni. Við sem störfum við að standa þar fyrir máli okkar þurfum að æfa okkur í aðeins þægilegri kringumstæðum áður.

Við það mun sjálfstraustið aukast og það gagnast okkur vel á ýmsum sviðum lífsins sem og í mörgum störfum.

Besti undirbúningurinn fyrir að tala opinberlega er að æfa sig. Hægt er að prófa sig áfram með því að tala við fólk um einhverjar fréttir, sögulegar staðreyndir eða áhugamál. Venja sig á að fá orðið, halda því og skila því aftur þegar búið er að koma skoðunum og rökum til skila.

Svo er mjög gott að grípa hvert tækifæri, óska til hamingju með nokkrum orðum í brúðkaupum eða afmælum, taka að sér veislustjórn eða fundarstjórn þegar færi gefst. Kennsla er líka frábært tækifæri til að venja sig við að gera það sem flestum finnst óþægilegt, að tala opinberlega og fyrir framan ókunnuga.

Flest verða alltaf taugaspennt fyrir málf lutning sem rjástlast á fyrstu mínúturnum. Það er eðlilegt.

Hvað ætlum við að segja?

Markmiðið með ræðum í okkar fagi er að þau sem hlusta fái eitthvað til að hugsa um og taka með sér heim sem sterk skilaboð. Það er ekki nóg að skemmta þeim eða setja á svið flugeldasýningu um eigin þekkingu á fræðunum sem eru undir. Útgangspunkturinn er alltaf að vera með einhvers konar þema, röð af röksemdum og tengingu á milli þeirra sem leiðir til þeirrar niðurstöðu sem við viljum ná fram.

Ég er ekki að segja að við séum bara með ein skilaboð, þau geta verið fleiri en við verðum að vera með einhvers konar tengingar og leiðarvísi. Stundum getur verið gott að taka þetta saman í upphafi ræðunnar en það er alls ekki alltaf nauðsynlegt. Dómarar þiggja yfirleitt að þeim sé sagt þegar maður er búinn að tala um eitt atriði og ætlar að byrja á því næsta.

Það er ekki nóg að skrifa niður ítarlegan og fróðlegan texta ef það vantar þessar tengingar eða þema í ræðuna. Það er ekki sérlega góð ræða að súmera bara upp eða taka saman einfaldaða mynd af miklu flóknara máli. Þá ertu bara með allt of mörg atriði undir og skýrir líklega ekkert þeirra nógu vel.

Ef við tökum málf lutningsræðu sem dæmi þá er allt í lagi að sleppa því að tala um ýmsa ásteitingarsteina í málinu. Ef þeir liggja vel fyrir í gögnunum, og það er ekkert sérstakt sem þarf að bæta við eða útskýra betur, þá má bara láta það liggja og einbeita sér að því sem maður vill og heldur að geti ráðið úrslitum. Það er algjörlega þýðingarlaust fyrir málf lutningsmann að drífa sig í gegnum öll atriði málsins og betra að reyna frekar að nostra við það sem skiptir máli; setja upp dæmi og spreyta sig á því að rökstyðja þau frá fleiri en einum sjónarhóli.

Skipulagning

Þegar búið er að ákveða hvað á að tala um þarf að hugsa um hversu ítarlega maður getur rætt þau atriði og í hvaða röð. Einhver kaflaskipting er nauðsynleg en hún fer þó eftir því hversu margslungið viðfangsefnið er.

Líklega eru flestar ræður sem maður hefur heyrt of langar og fólk ætlar sér um of. Betra er að velja færri og sterkari atriði til að fjalla um. Athygli hlustenda er yfirleitt mest til að byrja með og oftast er erfitt að ná flugi í ræðu sem hefur byrjað illa.

Ég tel að það sé best að hefja umfjöllun um röksemdir á því sem er sterkast fyrir okkar málstað og skiptir mestu máli fyrir framgang hans. Það er heldur ekkert að því að nota tímann stundum til að skjóta í kaf eitthvað sem er veikt hjá mótherjanum og dregur almennt úr trúverðugleika í ræðu hans. Það má samt ekki vera neitt aðalatriði né heldur að það eigi að „mjólka“ svoleiðis of mikið.

Það getur verið gott að hafa fleiri en eina röksemd á takteinum í hverjum kafla.

Vertu þú sjálf/ur (stíll)

Það má segja að það séu tveir pólur eða skólar í því hvernig fólk flytur sitt mál. Fyrri, og kannski úreltari aðferðin, snýst um frekar uppskrúfaðan talsmáta, mikla hæðni og stórbokkalegar fullyrðingar. Stundum fylgir þessu mikið handapat og læti. Hinn póllinn er sá sem má líkja við samræður eða að segja sögu.

Ég tel að mikilvægast sé að reyna að tengjast áheyrandanum. Við gerum það ekki með því að þykjast vera eitthvað annað en við erum og gera eitthvað sem okkur er ekki eiginlegt.


Að flytja ræðu til að fræða einhvern, eða reyna láta hann mynda sér skoðun, snýst um að fá hlustandann til að gefa þér möguleika. Rannsóknir sýna að fólk skiptir ekki svo auðveldlega um skoðun og hvers vegna ætti til dæmis vel lesinn dómari, sem aldrei hefur hitt okkur, að leyfa okkur að hrófla við sínum skoðunum?

Ræðuskrif

Það er sitthvað ritmál og talmál en allar ræður þurfa að vera á tilgerðarlausu talmáli. Málvillur og ambögur eru dýrkeyptar þegar við erum í réttarsal en kjarngott mál og traustur orðaforði eru tvímælalaust mikilvæg. Setningar eru styttri í talmáli en ritmáli og við þurfum að hafa „pláss“ í textanum til að hlustandinn meðtaki boðskapinn.



Ásar – Þýðingar og túlkun slf.
Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi, EU-ACI
Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.
Ásar – Þýðingar og túlkun slf » Reykjavík » Sími: 897 2717
Netfang: ellening@simnet.is



KVÖRTUNUM FJÖLGAR MILLI ÁRA

Alls 51 mál kom fyrir úrskurðarnefnd lögmanna árið 2023 og kostnaður vegna nefndarinnar var tæplega fjórtán milljónir króna. Talsverðar breytingar urðu á síðasta ári þegar farið var að taka við kvörtunum á rafrænu formi í gegnum island.is og ritari nefndarinnar er nú staðsettur á skrifstofu LMFÍ. Lögmannaþingið rýndi í tölfraði og ræddi við Einar Gaut Steingrímsson lögmann sem jafnframt er núverandi formaður úrskurðarnefndar.

Úrskurðarnefnd lögmanna er sjálfstæð nefnd í tengslum við LMFÍ með lögsögu yfir lögmönnum sem starfa hér á landi.

Síðastliðin tíu ár hafa að jafnaði komið 37 mál fyrir úrskurðarnefnd lögmanna árlega en á síðasta ári fór mála fjöldi í fyrsta skipti í 51 í samanburði við 40 árið 2022. Af þessum mála fjölda árið 2023 er búið að úrskurða í 15 málum, vísa fimm málum frá og afturkalla sex. Því bíða 25 mál umfjöllunar úrskurðarnefndar en gagnaöflun er lokið í 19 málum og ljóst að árið verður annasamt hjá úrskurðarnefnd.

Að sögn Einars Gauts Steingrímssonar, formanns úrskurðarnefndar, er ekki sé gott að segja af hverju málum hefur fjölgað

svo á milli ára: „Þau eru hins vegar orðin snúnari og flóknari heldur en áður og taka lengri tíma. Það er mín tilfinning að framsetning málanna sé að breytast; framkoma lögmanna, uppgjör og hvernig þeir sinna málum. Svo eru líka tilhæfulausar kvartanir þar sem ekki er hægt að sjá annað en að lögmenn séu að gera skyldu sína,“ sagði Einar.

30 lögmenntir áminntir frá 2014

Á árabílinu 2014 til og með 2022 voru 30 lögmenntir áminntir af úrskurðarnefnd, eða tveir til fimm lögmenntir árlega. Á þessu níu ára tímabili fékk einn lögmaður tvær áminningar og einn þrjár. Alls 48 lögmenntir settu aðfinnslum vegna starfa sinna á þessu tímabili, eða að meðaltali fimm á ári. Tveir lögmenntir fengu tvær aðfinnslur og einn fékk á þessum níu árum fjórar aðfinnslur. Þá hafa að meðaltali fimm lögmenntir þurft að lækka endurgjald sitt gagnvart skjólstæðingum á ári en árið 2022 sker sig þó úr þar



Úrskurðarnefnd: F.v. Helgi Birgisson, Einar Gautur Steingrímsson og Valborg Þ. Snævarr.

sem í tólf úrskurðum nefndarinnar var endurgjald, sem lögmenn höfðu áskilið sér úr hendi umbjóðenda sinna, lækkað og í einum úrskurði var endurgjald lögmans fellt niður.

Síðastliðin tíu ár hefur það nokkrum sinnum komið til skoðunar að leggja til við sýslumann að fella niður réttindi lögmans að sögn Einars Gauts: „Við höfum í nokkrum málum tilkynnt lögmönnum það og gefið þeim andmælarétt, eins og lög gera ráð fyrir, en að fengnum skýringum höfum við látið kyrrt liggja, s.s. vegna framlagningar læknisvottorða og fleira.“ Aðspurður um hvort komið hafi til tals að tilgreina nafn lögmanna við birtingu úrskurða þar sem þeir hefðu brotið starfsskyldur sínar sagði Einar Gautur það hafa verið rétt: „Þarna vegast hins vegar á sjónarmið um upplýsingarétt almennings og persónuréttindi þeirra sem eiga aðild að málunum eða koma þar við sögu. Ef farið er fram á að fá ónafnhreinsaðan úrskurð þá skoðum við slík erindi og við höfum einu sinni orðið við beiðni fjölmiðils um það. Trúnaðarskylda lögmanna er hins vegar svo rík að það er

Um nefndina

Úrskurðarnefnd lögmanna er skipuð af dómismálaráðherra, Hæstarétti og Lögmannafélagi Íslands og situr hver nefndarmaður í þrjú ár þannig að sæti eins nefndarmanns losnar árlega. Einar Gautur Steingrímsson er formaður en auk hans sitja þau Valborg Snævarr og Helgi Birgisson í nefndinni. Varamenn eru þau Hulda Katrín Stefánsdóttir, Grímur Sigurðsson og Helga Melkorka Óttarsdóttir. Ritari nefndarinnar er Eva Hrönn Jónsdóttir lögmaður.

sjaldan hægt að gera þetta,“ sagði Einar Gautur sem jafnframt sagði að nokkur dómsmál hefðu verið höfðuð til ógildingar úrskurða nefndarinnar en það væri mjög sjaldgæft.

Viðurlög

Úrskurðarnefnd lögmanna getur fundið að vinnubrögðum eða háttsemi lögmans eða veitt honum áminningu. Ef sakir eru miklar, eða lögmaður hefur ítrekað sætt áminningu, getur nefndin brugðist við með því að leggja til við sýslumann að réttindi lögmansins verði felld niður tímabundið eða hann sviptur réttindum.


Sjá 1.mgr. 14 gr. og 2.mgr. 27. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998

Ferill mála fyrir úrskurðarnefnd

Frá því að mál berst nefndinni og þar til það er tekið til úrskurðar líða oftast sex til tólf mánuðir. Eftir að kvörtun berst er varnaraðila gefinn kostur á að skila greinargerð, svo er sóknaraðila gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum og varnaraðila í kjölfarið. Að því loknu telst gagnaöflun alla jafna lokið og er mál tekið til úrskurðar. -

Örfáir lögmenn í meirihluta mála

Lögmannafélag Íslands ber kostnað af störfum úrskurðarnefndar en árið 2022 kostaði nefndin tólf milljónir króna, eða sem nemur 11.200 krónum á hvern félagsmann. Það ár tengdist meirihluta málanna örfáum félagsmönnum af þeim 1071 sem þá voru í



Tölur 2023 miðast við þau mál sem lokið var um áramót. Enn bíða 25 mál frá 2023 úrskurðar en þess má geta að nú þegar hafa þrjú lögmenn hlotið áminningu og einn aðfinnslu. Ástæðan fyrir svo fjölda aðfinnsla árið 2018 er að lögmenn sem höfðu ekki skilað yfirlýsingu um stöðu vörslufjárreiknings og verðbréfaskrá innan lögmæltra tímamarka.

félaginu. Úrskurðarnefnd er heimilt að ákveða að málsaðilar greiði málskostnað sem hlýst af störfum nefndarinnar en að sögn Einars Gauts hefur það ekki verið gert: „Við höfum ekki gert málsaðilum að greiða fyrir kostnað nefndarinnar enn sem komið er en það hefur hins vegar komið fyrir að lögmenn hafa verið látnir greiða upp í málskostnað gagnaðila.“

Þess má geta að flestir lögmenn taka það mjög alvarlega að lenda í ágreiningi við skjólstæðinga sína sem endar fyrir úrskurðarnefnd lögmanna, telja það raunar mikla ógæfu, og vilja ekki vera á þeim lista lögmanna sem hafa fengið áminningu eða aðfinnslur. Að jafnaði hittist nefndin tólf sinnum yfir árið en milli funda semur ritari úrskurði. Þess má geta að rukkað er 12.500 króna gjald fyrir að leggja mál fyrir nefndina en reynist grundvöllur fyrir erindinu er málagjaldið endurgreitt.

Hlutverk

Hlutverk úrskurðarnefndar er að fjalla um ágreining milli lögmanns og umboðanda hans um þóknun lögmannsins, þ.e. rétt hans til endurgjalds fyrir störf sín og um fjárhæð endurgjaldsins, enda sé ágreiningnum skotið til nefndarinnar af öðrum hvorum málsaðila eða báðum. Þá fjallar nefndin um kvörtun á hendur lögmanni frá aðila vegna háttsemi, sem kann að stríða gegn lögum eða siðareglum LMFÍ.

[Eyrún Ingadóttir tók saman](#)

43. NORRÆNA LÖGFRÆÐINGAÞINGIÐ Í KAUPMANNAHÖFN Í ÁGÚST 2024

RAGNAR TÓMAS ÁRNASON
FORMAÐUR STJÓRNAR ÍSLANDSDEILDAR NORRÆNU
LÖGFRÆÐINGAÞINGANNA



Dagana miðvikudaginn 21. ágúst til föstudagsins 23. ágúst 2024 verður 43. norræna lögfræðingaþingið haldið í Kaupmannahöfn. Á þinginu verður að venju fjölbreytt dagskrá þar sem norrænum lögfræðingum gefst kostur á að fræðast og taka þátt í umræðu um margs konar lögfræðileg málefni. Um leið fá þeir tækifæri til að kynna innbyrðis en reiknað er með yfir þúsund þátttakendum á þinginu.

Löng hefð er fyrir norrænu lögfræðingaþingunum. Á Kaupmannahafnarþinginu verður haldið upp á að saga þinganna nær nú yfir rúm 150 ár en fyrsta þingið var haldið í Kaupmannahöfn 1872. Þingin eru haldin á þriggja ára fresti og færast á milli höfuðborga Norðurlandanna í ákveðinni röð.

Þingin eru einstakur vettvangur fyrir umræðu og samvinnu á sviði lögfræði á Norðurlöndunum og hafa haft mikla þýðingu fyrir mótun norrænnar lagahefðar og norræns löggjafarsamstarfs. Á þingunum koma saman lögfræðingar frá ýmsum sviðum, svo sem fræðimenn, dómarar, lögmenn og lögfræðingar úr stjórnsýslunni og viðskiptalífnum, til að ræða um þau efni innan lögfræðinnar sem eru í brennidepli á hverjum tíma. Hvert Norðurlandanna hefur eigin stjórn fyrir þingin. Ákveða stjórnirnar í sameiningu þau efni sem fjallað er um á hverju þingi fyrir sig og skipta svo verkum milli landa að því er varðar umfjöllun um þau.

Í faglegri dagskrá þinganna eru pallborðsumræður, fyrirlestrar en fyrst og fremst málstofur. Til að stuðla að virkri umræðu í málstofum er í þeim frummælandi, sem hefur birt efni fyrirfram, andmælandi og svo að sjálfsgöðu fundarstjóri. Mikið er lagt upp úr því að fundargestir taki þátt í umræðunum. Framsögur andmælenda eru birtar í kjölfar þinganna.

Á hátíðarþinginu í Kaupmannahöfn verður öllu tjaldað til. Faglega dagskráin verður í Ráðstefnumiðstöð Tívalísins. Fjallað verður um 29 efni. Fimm málstofur eru almennt haldnar samtímis og ættu þannig allir að geta fundið eitthvað sem höfðar til þeirra á hverjum tíma. Sameiginlegir fundir eru haldnir við upphaf og lok þingsins. Fyrir setningu þingsins býðst þátttakendum einnig að sækja málþing þar sem norrænir doktorsnemar kynna spennandi ritgerðarefni.

Ástæðan fyrir velgengni þinganna um langan aldur felst sjálfsagt að hluta til í því hversu mikið lagt er upp úr því að þátttakendur kynnist innbyrðis á ýmis konar viðburðum og stuðla þannig að tengslamyndun norrænna lögfræðinga. Haldnar verða móttökur í Ráðhúsinu og í Thorvaldsensafninu, þátttakendum verður boðið til kvöldverðar hjá dönskum kollegum og ekki má gleyma glæsilegu lokahófi í lok þings.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á það að ungir lögfræðingar geti umgengist og átt góðar stundir saman. Þannig verður bæði sérstök móttaka og veisla fyrir unga þátttakendur á þinginu. Íslandsdeild norrænu lögfræðingaþinganna mun venju samkvæmt styrkja unga lögfræðinga til þátttöku á Kaupmannahafnarþinginu en fyrirkomulag og skilyrði styrkjanna verða auglýst sérstaklega.

Íslandsdeild norrænu lögfræðingaþinganna hvetur íslenska lögmenn og lögfræðinga til að sækja hátíðarþingið í Kaupmannahöfn í ágúst. Nánari kynningu á efnum og dagskrá þingsins, ásamt upplýsingum um skráningu o.fl., má finna á heimasíðu þinganna, nordiskejurister.org

RÁÐNINGARSAMBAND - 19. MARS 2024

Farið verður yfir hvað felist í ráðningarsambandi á almenna og opinbera vinnumarkaðinum; upphaf ráðningar, réttindi og skyldur starfsmanna og starfslok. Þá verður farið yfir áhugaverða og stefnumarkandi dóma sem hafa fallið í tengslum við efnið.

Námskeiðið er haldið í samstarfi við Vinnuréttarfélag Íslands.

Kennarar Lára V. Júlíusdóttir lögmaður hjá LL3 og formaður Vinnuréttarfélags Íslands og Halldór Kr. Þorsteinsson lögmaður hjá LL3 og stundakennari í vinnurétti við lagadeild Háskóla Íslands.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími **Alls 3 klst. Þriðjudagur 19. mars 2024 kl. 13.00-16.00.**

Verð Kr. 27.000,- fyrir félagi í félagsdeild LMFÍ, kr. 36.000,- fyrir félagi í LMFÍ og LÍ en kr. 45.000,- fyrir aðra.

STÝRING EIGNA FYRIR LÖGFRÆÐINGA - 9. APRÍL 2024

Á námskeiðinu verður fjallað um hagnýt atriði varðandi stýringu eignasafna og gefið yfirlit yfir þær aðferðir sem einna helst eru notaðar. Þá verður farið yfir hvernig hægt er að meta árangur og áhættu þegar kemur að stýringu eigna. Markmiðið er að gefa lögfræðingum innsýn í störf þeirra sem koma að stýringu eigna og þær áskoranir sem þar eru fyrir hendi. - Námskeiðið veitir 3 klst. í endurmenntun fyrir þau sem eru með verðbréfaréttindi.

Kennari Elmar Hallgríms Hallgrímsson framkvæmdastjóri hjá Ösp líftryggingarfélagi, lögfræðingur og Ms. í fjármálum fyrirtækja.

Staður Fjarnámskeið á TEAMS.

Tími **Alls 3 klst. Þriðjudagurinn 9. apríl 2024, kl. 13.00-16.00.**

Verð Kr. 27.000,- fyrir félagi í félagsdeild LMFÍ, kr. 36.000,- fyrir félagi í LMFÍ og LÍ en kr. 45.000,- fyrir aðra.

HLUTVERK ÁBYRGÐARMANNS Í AÐGERÐUM GEGN PENINGAÞVÆTTI - 11. APRÍL 2024

Á námskeiðinu verður fjallað um stöðu og hlutverk ábyrgðarmanns samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Áhersla verður lögð á að fjalla um ýmis þekkt form peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka og hvernig greina má rauð flög því tengt.


Kennari Hákon Már Pétursson, staðgengill regluvarðar Landsbankans.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími **Alls 2 klst. Fimmtudagurinn 11. apríl 2024 kl. 11.00-13.00.**

Verð Kr. 18.000,- fyrir félagi í félagsdeild LMFÍ, kr. 24.000,- fyrir félagi í LMFÍ og LÍ en kr. 30.000,- fyrir aðra.

SKRÁNING Á HEIMASÍÐU LMFÍ; WWW.LMFI.IS



NÁMSKEIÐ LMFÍ

Alls sóttu 435 þátttakendur þau 26 námskeið sem haldin voru á vegum félagsdeildar LMFÍ árið 2023. Það er rétt yfir meðaltali síðustu tíu ára. Af þessum hópi sátu 159 námskeið í fjarfundi, eða 36,5%. Svokallað „Hybrid“ námskeið þar sem þátttakendur geta valið hvort þeir komi á staðinn eða fylgist með í fjarfundi hefur komið vel út hjá félaginu og er í boði á flestum námskeiðum.

Um síðustu áramót var verðum námskeiða breytt þannig að þau sem eru í félaginu fá meiri afslátt en áður, eða 20% í stað 10% og þau sem eru í félagsdeild fá 40% afslátt, í stað 25% áður, en árgjald félagsdeildar er kr. 13.500,-

Flest námskeið félagsdeildar LMFÍ eru haldin í kennslustofu LMFÍ í Álftamýrinni en þegar hdl. námskeið eru haldin, eða fjöldi þátttakenda er meiri en 30, eru námskeiðin flutt í stærri sal úti í bæ. Eins og gefur að skilja fjalla flest námskeiðin um lögfræði en öðru hvoru er boðið upp á annars konar námskeið. Síðustu tvö ár hafa t.d. verið haldin afar áhugaverð námskeið um bókmenntir og lögfræði þar sem Jón Karl Helgason prófessor við íslensku- og menningardeild og Hafsteinn Þór Hauksson dósent við lagadeild Háskóla Íslands hafa stjórnað umræðum um skáldsögur þar sem lögfræði kemur við sögu. Þar má til dæmis nefna *Útlendinginn* eftir Camus, *Sögu þernunnar* eftir Margaret Atwood, *Svarfugl* eftir Gunnar Gunnarsson, *Gott fólk* eftir Val Grettisson og síðast en ekki síst *Njálu*. Þá heldur félagsdeild námskeið í samvinnu við dómstólasýsluna einu sinni á ári um



Gunnar Þorri Pétursson bókmenntafræðingur og þýðandi var nýverið með námskeið um eitt frægasta skáldverk allra tíma *Karamazov bræðurnar* eftir Fjodor Dostojevskí í þýðingu Ingibjargar Haraldsdóttur sem er einkar áhugavert viðfangsefni fyrir lögfræðinga enda fjallar hún um föðurmorð þar sem hverjum steini er velt við í réttarhöldum og tekist á við stærstu spurningar mannlegrar tilveru.

dómkvadda matsmenn sem hefur verið gríðarlega vinsælt meðal sérfræðinga. Þau sem sækja námskeiðið geta verið á lista yfir dómkvadda matsmenn sem sendur er á lögmenn og starfsmenn dómstólanna reglulega.

Eyrún Ingadóttir



Stuð og stemning á jólasnapsmóti LMFÍ. Á þessa mynd náðist sá fágæti atburður þegar engill flaug yfir salinn.

AF ÞRUMANDI LÉTTLEIKA TILVERUNNAR

JÓLASNAPSMÓTIÐ Í INNANHÚSSKNATTPYRNU ANNO 2023

Þann 22. desember 2023 fór hið árlega jólasnapsmót LMFÍ í innanhússknattspyrnu fram í íþróttahúsinu við Safamýri. Mótið hefur frá upphafi vega, frá árinu 1995, verið haldið í þessu fornfræga húsi en nýlega tók knattspyrnufélagið Víkingur við rekstri hússins af knattspyrnufélaginu FRAM. Fótboltanefnd LMFÍ þakkar Frömmurum hér með fyrir frábært samstarf öll þessi ár.

Það urðu einnig fleiri markverð tímamót að þessu sinni, og jafnvel ennþá sögulegri. Það vantaði nefnilega lið Þrumunnar á mótið sem einnig hefur verið með frá upphafi vega, í 28 ár, fyrir utan tvisvar vegna covid. Nú lifa frjálsræðisheftjurnar á sinni fornaldarfrægð eins og Gissur og Geir, Gunnar og Héðinn

og Njáll forðum. Hefur verið ákveðið að lið Þrumunnar verði tekið inn í heiðurshöll íþróttadeildar LMFÍ á næstu árhátíð félagsins - þegar hún verður haldin.

En að mótinu sjálfu, anno 2023, sem haldið var í miðjum jólaönnum. Fimm lið voru skráð til leiks en aðeins fjögur mættu þegar til átti að taka. Það var lið Krimmanna sem lét ekki sjá sig og tilkynnti ekki einu sinni forföll. Hver ástæðan var fyrir fjarveru skal látið óskrifað en sumir telja jafnvel að skýringin í felist í nafni félagsins. Mótshaldarar þurftu því að endurskipuleggja mótið í anda nútíma breytingastjórnunar til að minnka mátt glæpsins - þótt auðvitað hafi aldrei gerst annað eins. Ákveðið var að spilaðar yrðu tvær umferðir eins og kallað er á mótamáli.



Nokkrir þrúmarar árið 2001, á sínum allra bestu árum. F.v. Brynjólfur Eyvindsson, Guðni Á. Haraldsson, Magnús Brynjólfsson og Sigmundur Hannesson.



Kampakátt lið tekur við bikarum enn einu sinni: „Tilfinning sem aldrei venst“ varð þeim á orði áður en þau héldu af stað í jólagjafakaupin. Efri röð f.v.: Ásgeir Eliasson, Jóhannes Eiríksson, Tómas Eiríksson. Neðri röð: Sigurður Freyr Sigurðsson, Erlendur Þór Gunnarsson, Leó Daðason og Elín Fanney Leósdóttir (sem var að vinna bikarinn í fyrsta sinn).

Mótið fór í alla staði vel fram, dómáttar höfðu góð tök á leikjum og ekki kom til neinna óspekta (það vantaði auðvitað Krimmana). Þurftu dómáttar ekki einu sinni að seilast í vasa sína til að taka upp gul eða rauð spjöld.

Lið FC Friday stóð uppi sem sigurvegari mótsins með „bravör“ og þá varð nú landið fagurt og frítt og fannhvítir jöklanna tindar. Þetta var ekki í fyrsta skiptið og ekki heldu í annað eða þriðja sem þau hömpuðu bikarum en á síðasta ári vann FC Friday farandbikar mótsins til eignar. Það gerist þegar lið sigrar þrjú ár í röð eða fimm ár samanlagt. Sú kvöð fylgir reyndar þeim heiðri að eigendurnir verða að kaupa nýjan farandbikar. Það gerði FC Friday og þau fengu svo bikarinn afhentan eins og venjulega. Ó, þér unglínga fjöld og Íslands fullorðnu synir!

Lokastaðan varð sem hér er ritað:

FC Friday	5	0	1	20:4	15 stig
Juris	3	1	2	8:8	10 stig
Logos	3	1	2	6:7	10 stig
Lögþing	0	0	6	2:17	0 stig

Lið Juris hreppti 2. sætið á markamun. Verðlaun voru afhent að móti loknu og tók hirðljósmyndari félagsins nokkrar myndir á myndavél, ekki á síma, sem er vel. Nokkrir jólabjórar voru í boði í mótslok og tæmdust þeir fljótt og örugglega í maga þátttakenda enda ekki vanþörf á að bæta upp vökvatap.



Fyrirliði FC Friday, Erlendur Þór Gunnarsson, tekur við bikarum úr hendi Smára Hilmarrsonar formanns fótboltanefndar LMFÍ allt frá árinu 1995. Hafði hann á orði að eina leiðin til að ljúka sigurgöngu liðsins væri sennilega að halda mótið á fimmtudegi.

Á þessu ári, 2024, á mótið 29 ára afmæli sem þýðir að það verður þrítugt á því næsta, 2025.

Nefndin



GESTUR JÓNSSON ER FÆDDUR 27. OKTÓBER 1950. HANN LAUK STÚDENTSPRÓFI FRÁ MH 1970 OG EMBÆTTISPRÓFI Í LÖGFRÆÐI FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS 1975. HANN VARÐ HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR 1977 OG HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR 1982.

GESTUR VAR FULLTRÚI HJÁ RAGNARI TÓMASSYNI 1975 TIL 1976 EN STOFNAÐI ÞÁ EIGIN LÖGFRÆÐISTOFU ÁSAMT KRISTNI BJÖRNSSYNI. SEINNA KOMU HALLGRÍMUR B. GEIRSSON, RAGNAR H. HALL OG GUNNAR JÓNSSON INN Í REKSTURINN. ÁRIÐ 1992 STOFNUÐU ÞEIR GESTUR, GUNNAR OG RAGNAR MÖRKINA LÖGMANNSSTOFU HF. EN Í ÁRSBYRJUN 2019 GEKK GESTUR ÚR EIGENDAHOPI STOFUNNAR OG HEFUR SÍÐAN VERIÐ LÖGFRÆÐILEGUR RÁÐGJAFI HENNAR.

GESTUR SAT Í STJÓRN LMFÍ 1986 TIL 1988 OG VAR FORMAÐUR FÉLAGSINS 1989 TIL 1992. ÞÁ VAR HANN FORMAÐUR ÚRSKURÐARNEFNDAR LÖGMANNA FRÁ 1999 TIL 2010. GESTUR VAR GERÐUR AÐ HEIÐURSFÉLAGA LMFÍ Á 100 ÁRA AFMÆLI FÉLAGSINS ÁRIÐ 2011.

GESTUR ER KVÆNTUR MARGRÉTI GEIRSDÓTTUR BÓKASAFNSFRÆÐINGI OG EIGA ÞAU FJÖGUR BÖRN OG NÍU BARNABÖRN.

LÍT FYRST OG FREMST Á MIG SEM MÁLFLYTJANDA

Gesti Jónssyni fannst sorglega lítil eftirspurn eftir starfskröftum sínum eftir útskrift úr lagadeild en tæpri hálfri öld síðar minnst hann þess ekki að hafa lokið einum einasta vinnudegi þar sem ekki biðu verkefni til næsta dags. Nú vinnur hann minna en finnst erfitt að hætta alveg í lögmennskunni.

Faðir þinn, Jón Skaftason, var lögfræðingur og starfaði m.a. sem alþingismaður, lögmaður, yfirborgarfogeti og sýslumaður. Þið veljið síðan þrjú af fjórum börnum hans að læra lögfræði. Var námsvalið alltaf skrifað í skýin?

Pabbi var mér mikil fyrirmynd en engu að síður þótti mér á unglingsárunum nóg um spurninguna sem mér fannst koma úr öllum áttum: „Ætlaðu að verða lögfræðingur þegar þú verður stór og fara í pólitík eins og pabbi þinn?“ Ég hagaði því námsvalinu í MH vísitandi þannig að aðrar dyr stæðu opnar. Sýndi sjálfstæði mitt með því að velja náttúrufræðibraut og síðar eðlisfræðideild enda sá ég fyrir mér að fara annað hvort í læknisfræði eða verkfræði. Í minningunni var ég enn að brjóta heilann um hvort ég vildi frekar verða læknir eða verkfræðingur þegar ég gekk upp í Háskóla og skráði lagadeild

á umsóknarblaðið. Kannski var þetta allan tímann skrifað í skýin eins og þú orðar það og rétt er að tvö af þremur systkinum mínum, þau Helga og Gunnar, eru líka lögfræðingar.

Hvernig fannst þér laganámið?

Mér þótti námið á fyrsta árinu í lagadeildinni vera skrítið og hálf leiðinlegt. Hafði vanist því að svör við dæmum í stærðfræði væru annað hvort rétt eða röng en svo er ekki alltaf í lögfræðinni. Þar eru svörin ekki endilega rétt eða röng heldur miklu fremur misgóð eftir því hvernig niðurstaðan er leidd fram og endalaust má halda áfram við að reyna að bæta úrlausnina. Eftir fyrsta árið náði ég sáttum við lögfræðina og fannst námið eftir það gefandi og skemmtilegt. Þegar upp er staðið er mjög sáttur við að hafa gert lögmennsku að ævistarfi.

Öll mál eru stór fyrir þann sem í hlut á

Að loknu námi varst þú fulltrúi á lögmannsstofu ekki rétt?

Jú, þegar ég lauk prófi vorið 1975 var sorglega lítil eftirspurn eftir starfskröftum mínum. Ég sótti um starf í Stokkhólmi á vegum Norðurlandaráðs en fékk ekki og lögmannsstofurnar voru allar fullmannaðar þegar ég knúði dyra þannig að þar



F.v. Ragnar Aðalsteinsson, Hákon Árnason, Þórunn Guðmundsdóttir, Jón Steinar Gunnlaugsson og Gestur Jónsson en þau voru gerð að heiðursfélögum LMFÍ í tilefni 100 ára afmælis félagsins árið 2011.

var enga vinnu að fá. Þá varð ég fyrir því láni að hitta Ragnar Tómasson, fasteignasala og lögmann, og hann sagðist fús að leggja mér til skrifstofu, símasvörun og ritaraþjónustu gegn því að ég ynni fyrir fasteignasöluna hans klukkutíma á dag án annars endurgjalds. Ég yrði fulltrúi hans með þeim skilmálum að hann bæri ekki ábyrgð á því að ég fengi verkefni.

Hvernig gekk að reka lögmannsstofu í byrjun?

Það lygilega er að í minningunni finnst mér hafa verið nóg að gera alveg frá fyrsta degi. Verkefni voru auðvitað misáhugaverð fyrstu mánuðina ég held að ég hafi aldrei staðið upp að loknum vinnudegi, þessa tæpu hálfu öld sem ég hef sinnt lögmenntu, án þess að morgundagsins biðu ókláruð verkefni. Ég lærði þá lexíu fljótt að öll mál eru „stór“ fyrir þann sem í hlut á. Þess vegna á lögmaður að leggja sig fram við að vinna öll mál vel sem hann tekur að sér.

Réttarfarsreglurnar og umferðarreglurnar

Hefurðu sérhæft þig sem lögmaður?

Í rauninni ekki. Ég man þó að snemma á lögmannsferlinum var leitað til mín með stórt verkefni sem snerist um uppgjör verkkaupa við verktaka sem varð gjaldþrota. Málið var umfangsmikið og rekið fyrir fjölskipuðum gerðardómi. Mér fannst þetta mjög áhugavert verkefni, las fræðirit um verktakarétt, stúderaði dóma og reyndi að gera allt sem ég gat til þess að standa mig fyrir umbjóðandann. Niðurstaðan í málinu varð umbjóðanda mínum í hag í flestum atriðum og ég var alveg í skýjunum. Fannst að nú hefði ég hitt á mína réttu fjöl og ákvað að helga mig verktakarétti og gera „karríer“ á því sviði. Það gekk hins vegar ekki eftir.



Á formannstíð Gests var bókasafn félagsins opnað með pomp og prakt í tilefni af 80 ára afmæli félagsins. Þá fluttu meðal annars ræður Hrafn Bragason forseti Hæstaréttar (t.v.) og Þorsetinn Pálsson dóms- og kirkjumálaráðherra (t.h.)

Umheimurinn vissi greinilega ekkert um þessa sérfræðikunnáttu mína og árin liðu án þess að nokkur leitaði til mín með nýtt mál á þessu réttarsviði.

Hafi ég einhverja sérþekkingu í lögmenntu þá held ég að hún sé málflytningur. Ég hef flutt ógrynni mála fyrir dómstólum og held að viðfangsefni hafi snert flest svið mannlægs lífs. Ég lít fyrst og fremst á mig sem málflytjanda og hef reynt að tileinka mér réttarfarsreglurnar með sama hætti og bílstjóri lærir umferðarreglurnar. Ég er þeirrar skoðunar að góður málflytjandi þurfi ekki að vera sérfræðingur á því sviði sem ágreiningurinn er um. Málflytningur snýst um að draga fram og sanna atvikin í málinu sem kröfurnar byggjast á og tefla svo fram réttarreglunum sem leiða eiga til þess að fallist sé á kröfurnar. Ég held að einfaldur og skýr málflytningur sé vænlegastur til árangurs.

Þú ert nú titlaður ráðgjafi hjá Mörkinni, lögmannsstofu. Ertu enn að vinna fullan vinnudag?

Ég gekk úr eigendahópnum árið 2019 og hef smám saman dregið úr vinnuframlaginu þótt það hafi reyndar gengið hægar en ég ætlaði. Mér finnst ég bera skyldu til þess að ljúka þeim málum sem ég hafði tekið að mér og því miður vantar enn nokkuð upp á að svo sé. Í rauninni hentar þessi háttur mér ágætlega. Ég hef alltaf haft ánægju af starfinu og ég held að mér hefði ekki liðið vel með að hætta allt í einu. Svo finnst mér stundum að ég geti orðið félögum mínum að liði vegna þeirrar reynslu sem ég hef eftir tæpa hálfu öld í þessu starfi.



Talandi um hálfu öld, hvaða mál eru eftirminnilegust frá löngum ferli?
Þessu er auðvitað erfitt að svara en vissulega var skiptastjórnin í þrotabúi Hafskips eftirminnilegt verkefni sem ég vann með Viðari Má Matthíassyni, síðar hæstaréttardómara og snillingnum Jóhanni Níelssyni sem nú er nýlátinn. Svo auðvitað Baugsmálið sem stóð í á annan áratug þar sem ég var verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Fundir voru vinasamkomur

Hefur lögmansstarfið breyst mikið?

Þegar ég hóf störf gaf Lögmannafélagið út gjaldskrá lögmanna. Þar var tiltekið ákveðið endurgjald fyrir einstök lögmansstörf sem í mörgum tilvikum var tengt þeim hagsmunum sem í húfi voru. Tímagjald var hvergi nefnt og reyndar var það almennt viðhorf lögmanna, þegar ég var að byrja, að ekki væri ástæða til þess að halda tímaskýrslur. Endurgjaldið ætti alltaf að endurspeglar árangur en ekki tímamann sem varið var í verkið.

Þá er samkeppni milli lögmanna einnig með allt öðrum hætti en áður var. Fundir í Lögmannafélaginu voru fyrst og fremst vinasamkomur en ekki vettvangur keppinauta.

Þú varst í stjórn LMFÍ 1986-1988 og svo formaður 1989-1992. Hvernig var að starfa í forystusveit lögmanna á þessum tíma?

Formennskan var skemmtileg en líka erilsöm. Samskipti við stjórnvöld og dómstóla voru töluverð og svo hafði formaðurinn, þá sem nú, það hlutverk að koma fram fyrir hönd lögmanna í þjóðfélagsumræðunni. Svo hafði stjórn félagsins á þessum tíma víðtækara hlutverk en nú er þar sem hún hafði úrskurðarvald í kær- og þóknunarmálum vegna lögmansstarfa. Slíkt var að mínu mati alls ekki heppilegt fyrirkomulag og tilkoma sjálfstæðrar úrskurðarnefndar nokkrum árum síðar var því framfaraskref.

Á þinni formannstíð var byrjað að ræða við stjórnvöld um breytingar á lögum um málflytjendur og m.a. birtist viðtal við þig í Pressunni árið 1991 undir yfirskriftinni „Starfandi lögmenn vilja losna við skúrkana“. Hvað kom til þessa? ^[1]

Á þessum árum komu upp nokkur mál þar sem umbjóðendur lögmanna urðu fyrir tjóni vegna þess að lögmennirnir gátu ekki staðið skil á fjármunum sem þeir höfðu tekið við fyrir hönd umbjóðenda sinna. Á vegum félagsins var ábyrgðarsjóður, sem ætlað var að tryggja hagsmuni skjólstæðinga af fjárþroti

[1] Pressan 14.11.1991, 7.

lögmannna, en hann var orðinn fjárhagslega veikburða vegna tjóna sem tengdust refsiverðri háttsemi þeirra lögmannna sem hlut áttu að máli. Ábyrgðarsjóðurinn veitti því sýndaröryggi en var engin raunveruleg lausn. Tilfni viðtalsins var að stjórn Lögmannafélagsins beitti sér fyrir lagabreytingum í því skyni að tryggja efurlit með störfum lögmannna, þar með talið fjárvörslu, sem drægi úr líkum á því að svona mál kæmu upp. Ný lög komu svo 1998 þar sem lögmönnum var gert skylt að vera með starfsábyrgðartryggingu og eins var úrskurðarnefnd lögmannna stofnuð.

Þú varðst einmitt fyrsti formaður úrskurðarnefndar lögmannna, hvernig tóku lögmenn því í upphafi þegar úrskurðarnefnd fann að störfum þeirra? Ég minnst þess ekki að hafa verið ónáðaður af lögmanni vegna þess að hann hafi talið sig hafa orðið fyrir ranglæti af minni hálfu sem formanns nefndarinnar. Vel má vera að einhver hafi skammað mig en hafi svo verið þá ber ég við gleymsku. Auðvitað er það svo að málsaðilar hafa mismunandi skoðanir á niðurstöðum nefndarinnar.

Að leysa lífsgátuna

Að lokum, þú ert mikill golfari og varst m.a. formaður Golfklúbbs Reykjavíkur frá 1998 til 2007. Er golfið búið að taka yfir endanlega eða áttu fleiri áhugamál?

Á yngri árum var vandamálið við golfið hversu tímafrekt það var en sá tími var tekinn frá fjölskyldu og vinnu. Þetta snerist svo við þegar árin liðu. Nú er það eintóm blessun að geta vaknað til nýs dags, hitt félagana og keppt í golfi. Oftar en ekki er sest niður eftir hringinn og enn ein tilraunin gerð til þess að leysa lífsgátuna. Þessu fylgir holl hreyfing, útivera, félagsskapur og gleði. Að geta farið út að leika sér á efri árum er mikil blessun. Áhugamálin eru vissulega fleiri. Ég á góða konu, fjögur gerðarleg börn og níu barnabörn. Og svo kann ég að tefla og spila bridge.

Eyrún Ingadóttir



Svansvottuð prentsmiðja

litla **prent**

litlaprent@litlaprent.is

MIDAPRENT

midaprent@midaprent.is

Sími 540 1800
www.prent.is

Skemmuvegi 4, Kópavogi

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Þórður Heimir Sveinsson

Lögþjónustan sf., Kirkjuteigi 21, 105 Reykjavík

NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Leó Daðason

Juralis lögmannsstofa, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík

Hallmundur Albertsson

Deloitte Legal ehf., Dalvegi 30, 201 Kópavogi

Þorvaldur Hauksson

Embætti ríkislögmanns, Hverfisgötu 4-6, 101 Reykjavík

Páll Ágúst Ólafsson

Málsefni lögmannsþjónusta, Laugavegi 178, 105 Reykjavík

Steinn S. Finnbogason

Traust services slf., Klettagördum 12, 104 Reykjavík

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

Arnar Gauti Grettisson

Réttur - Aðalsteinsson & Partners, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík

Jón Sigurðsson

Land lögmennt, Hlíðarsmára 9, 201 Kópavogi

Guðmundur Hólmur Helgason

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Ásta Margrét Eiríksdóttir

BBA//Fjeldco, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Ernir Skorri Pétursson

Vesturvör 32b, 200 Kópavogi

Arnar Bjartmarz

Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík

Jónas Ástþór Hafsteinsson

Íslandsbanki hf., Hagasmára 3, 201 Kópavogi

ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

Símon Þór Jónsson

Deloitte Legal ehf., Dalvegi 30, 201 Kópavogi

Unnur Edda Sveinsdóttir

Novum Lögfræðiþjónusta, Bæjarlind 4, 201 Kópavogi

Eva Hrönn Jónsdóttir

Lögmannafélag Íslands, Álftamýri 9, 108 Reykjavík

Sonja H. Berndsen

Embætti ríkislögmanns, Hverfisgötu 4-6, 101 Reykjavík

Floki Hrafn Sigurðsson

OPUS lögmennt, Austurstræti 12a, 101 Reykjavík

Hrefna Þórsdóttir

Novum lögfræðiþjónusta, Bæjarlind 4, 201 Kópavogi

BREYTING Á VINNUSTAD

Guðrún Hulda Ólafsdóttir

Casus ehf. (Lögheimili) Hlíðasmári 2, 201 Kópavogi

Leifur Runólfsson

Juvo lögmennt, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík

Höskuldur Eiríksson

Venture Legal ehf., Frostaskjólí 23, 107 Reykjavík

Ellen Þóra Blöndal

Eignamiðlun fasteignasala, Grensásvegi 11, 108 Reykjavík

Axel Óli Atlason

Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Hlynur Jónsson

Austurlög ehf., Kaupvangi 6, 700 Egilsstöðum

Berggrún Elín Benediksdóttir

Vátryggingafélag Íslands, Ármúla 3, 108 Reykjavík

NÝTT HEIMILISFANG

Hreiðar Eiríksson

Exitus lögmannsstofa ehf., Strandgötu 31 e.h., 600 Akureyri

Helga Vala Helgadóttir

Valva lögmennt, Kalkofnsvegi 2, 3. hæð, 101 Reykjavík

Friðrik Smáráson

Lögmannsstofa FS, Glerárgötu 36, 4. hæð, 600 Akureyri

Þórður Már Jónsson

Sókn og Vörn: Málflutningsstofa, Dalabíng 30, 203 Kópavogi.

Lúðvík Bergvinsson

Bonafide lögmennt, Hallgerðargötu 13, 3. hæð, 105 Reykjavík

Davíð Örn Guðnason

Guðni Á. Haraldsson

Löggarður ehf., Suðurlandsbraut 30, 3. hæð, 108 Reykjavík

Magnús Jónsson

Vivos lögmennt, Hallgerðargötu 13, 105 Reykjavík

Bjarni Þór Óskarsson

Bríetartúni 9, 105 Reykjavík.



Bótaréttur
Innheimta slysa- og skaðabóta

Deloitte.
Legal



Lögmannafélag
Íslands

juris

LANDSLÖG

LÖGFRÆÐISTOFA

BBA // FJELD CO



Lögfræðistofa Reykjavíkur

LOGOS

Reykjavík · London



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · www.law.is

FORTIS
Lögmannsstofa



Lögmannafélag
Íslands